



Landsvirkjun

Ímynd Landsvirkjunar á Austurlandi
Nóvember – desember 2024

Framkvæmdalýsing



Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Landsvirkjun
Markmið	Að kanna viðhorf til Landsvirkjunar á Austurlandi og þróun þar á
Framkvæmdatími	7. nóvember - 5. desember 2024
Aðferð	Netkönnun
Úrtak	Einstaklingar á Austurlandi, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr þjóðskrá. Gagnasöfnun var hætt þegar rúmlega 500 svörum var náð.
Verknúmer	4036064
Fjöldi svarenda	500

Reykjavík, 6. desember 2024

Bestu þakkir fyrir gott samstarf,

Matthías Þorvaldsson
Rakel María Ellingsen Óttarsdóttir



Skýrsla þessi og innihald hennar er eingöngu til innanhússnota hjá því fyrirtæki, stofnun eða einstaklingi sem hana keypti. Öll opinber birting eða dreifing er óheimil án skriflegs leyfis Gallup. Starfsemi Gallup er með ISO 9001 gæðavottun. Auk þess er Gallup aðili að ESOMAR. Allur réttur áskilinn: © Gallup.

ESOMAR
| member




Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Landsvirkjun?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög jákvæð(ur) (10)	184	38,5	4,4
Frekar jákvæð(ur) (7,5)	202	42,2	4,4
Hvorki né (5)	78	16,2	3,3
Frekar neikvæð(ur) (2,5)	11	2,4	1,4
Mjög neikvæð(ur) (0)	3	0,7	0,8
Jákvæð(ur)	385	80,7	3,5
Hvorki né	78	16,2	3,3
Neikvæð(ur)	15	3,1	1,6
Fjöldi svara	478	100,0	
Tóku afstöðu	478	95,6	
Tóku ekki afstöðu	22	4,4	
Fjöldi svarenda	500	100,0	
Meðaltal (0-10)		7,9	
Vikmörk ±		0,3	



Meðaltal er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög jákvæð(ur) (fj. x 10) + frekar jákvæð(ur) (fj. x 7,5) + hvorki né (fj. x 5) + frekar neikvæð(ur) (fj. x 2,5) + mjög neikvæð(ur) (fj. x 0)] / Heildarfjöldi svara. Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 0 til 10.


Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Landsvirkjun?



** Samanburður við þjónustukannanir sem Gallup hefur gert síðan árið 2015. Athugið að svarendur koma af öllu landinu.



Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart Landsvirkjun?



* Marktækur munur á meðaltölum

Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ...?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög ánægð(ur) (5)	527	45,0	2,8
Frekar ánægð(ur) (4)	494	42,2	2,8
Hvorki né (3)	106	9,0	1,6
Frekar óánægð(ur) (2)	30	2,5	0,9
Mjög óánægð(ur) (1)	15	1,3	0,6
Ánægð(ur)	1.021	87,2	1,9
Hvorki né	106	9,0	1,6
Óánægð(ur)	44	3,8	1,1
Fjöldi svara	1.171	100,0	
Tóku afstöðu	1.171	67,6	
Tóku ekki afstöðu	560	32,4	
Fjöldi aðspurðra	1.731	100,0	
Spurð	1.731	50,4	
Ekki spurð	1.704	49,6	
Fjöldi svarenda	3.435	100,0	
Meðaltal (1-5)	4,3		
Vikmörk ±	1,2		


Í **töfnitöflu** má sjá hvernig svör þátttakenda dreifast á ólíka svarkosti. Þar má einnig sjá hversu margir tóku afstöðu til spurningarinnar og hversu margir voru spurðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að 45% þátttakenda eru mjög ánægð með það sem spurt var um og riflega 42% frekar ánægð. Ef teknir eru saman þau sem segjast frekar og mjög ánægð má sjá að í heildina eru rúmlega 87% ánægð með málefnið. Vekja ber athygli á að hátt hlutfall aðspurðra, eða 32,4%, tók ekki afstöðu til spurningarinnar og er talan því rauðlituð því til áherslu.

Meðaltal er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög ánægð(ur) (fj. x 5) + frekar ánægð(ur) (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar óánægð(ur) (fj. x 2) + mjög óánægð(ur) (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Í þessu dæmi tekur meðaltalið gildi á kvarðanum 1 til 5 en meðaltalið tekur gildi á því bili sem kvarðinn er hverju sinni.

Vikmörk (sjá +/- dálk í töfnitöflu)

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn liggja innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu eru spurðir. Í dæminu hér til hliðar má segja með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 43,8% til 46,2% (45,0% +/- 1,2%) verið mjög ánægð með málefnið. Einnig má nota vikmörk til að skoða hvort marktækur munur sé á fjölda þeirra sem velja ólíka svarkosti. Ef vikmörkin skarast ekki er marktækur munur á fjöldanum.

Greiningar



* Marktækur munur á meðaltölum

■ Mjög ánægð(ur) ■ Frekar ánægð(ur) ■ Hvorki né ■ Frekar óánægð(ur) ■ Mjög óánægð(ur)

Greiningar og marktækt

Oft er gerð greining á hverri spurningu eftir lýðfræðibreytum, s.s. kyni, aldri og búsetu, sem og eftir öðrum spurningum í sömu könnun. Hér fyrir ofan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést t.d. að 40% karla eru mjög ánægðir með málefnið á móti 49% kvenna. Í greiningum er jafnframt synt meðaltal mismunandi hópa og tekið fram hvort sá munur á meðaltölum sem kom fram á hópum í könnuninni er tölfræðilega marktækur. Þegar munurinn er marktækur er titillinn stjórnumerktur, eins og í tilfelli kynja spurningarinnar í greiningunni hér fyrir neðan. Að auki eru súlur sem sýna meðaltöl litaðar dökkgráar til áherslu. Algengur misskilningur er að ef tölfræðiprófið er ekki marktækt þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er hins vegar rangt, því merking tölfræðilegrar marktæktar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun sem kemur fram í könnun yfir á þýði. Í dæminu hér fyrir ofan má sjá að einstaklingar eldri en 60 ára eru ánægðir með málefnið en þeir sem yngri eru og staðhæfa má með 95% vissu að þessi munur eftir aldri eigi sér einnig stað í þýðinu (t.d. meðal þjóðarinnar). Lengst til hægri á myndinni hér fyrir ofan er sýndar breytingar á meðaltölum frá síðustu mælingu. Í þessu dæmi má sjá að meðaltal einstaklinga á aldrinum 30-39 ára hefur lækkað um 0,2 stig frá síðustu mælingu (er nú 4,3 og var síðast 4,5). Stjórnumerkingin við súluna visar til þess að munur milli mælinga er tölfræðilega marktækur. Því má segja að einstaklingar á aldrinum 30-39 ára séu nú að jafnaði síður ánægðari með málefnið en þeir voru í síðustu mælingu.

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegli þýði með tilliti til kyns, aldurs og búsetu. Fjöldatölur í skýrslunni eru því námundaðar að næstu heilu tölu, en hlutföll og meðaltöl miðast við fjöldatöluna eins og hún væri með aukastöfum. Misræmi getur því verið á samanlögðum fjölda einstaklinga í greiningum og í tíðnitöflum.

Hlutfall svarenda fyrir vigtun:

Kyn:

Karlar	52,6%
Konur	47,4%

Aldur:

18-29 ára	6,0%
30-39 ára	9,6%
40-49 ára	15,0%
50-59 ára	18,2%
60-69 ára	23,8%
70 ára eða eldri	27,4%

Búseta:

Fjarðabyggð	40,4%
Önnur svæði	59,6%

Hlutfall svarenda eftir vigtun:

Kyn:

Karlar	52,9%
Konur	47,1%

Aldur:

18-29 ára	18,9%
30-39 ára	15,9%
40-49 ára	15,2%
50-59 ára	15,3%
60-69 ára	17,1%
70 ára eða eldri	17,6%

Búseta:

Fjarðabyggð	36,3%
Önnur svæði	63,7%